

Mál nr. 254/2011

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs vegna vegagerðarinnar

Skemmdir á bifreið sem ekið var á grjót þann 16.12. 2010.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 14.06. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 29.06. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M ók bifreið sinni um Kambanesskriður þegar óhappið varð. Grjót hafði fallið á veginn en veður var með þeim hætti að snjókóf var sem byrgði ökumanni sýn sbr. fyrirliggjandi gögn.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Félagið telur að tjónsatburð máls þessa megi fyrst og fremst rekja til gáleysis M við akstur bifreiðarinnar sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum er ósannað að rekja megi tjónsatburð máls þessa til sakar vegagerðar eða starfsmanna sem hún ber ábyrgð. Virðist sem M hafi ekki hugað nægjanlega að því sem framundan var í umrætt sinn. Telja verður að M hafi mátt eiga von á því að grjóthrun gæti hafa átt sér stað þegar ekið er meðfram fjallshlíðum. Alls er ósannað að vegagerðin beri sakarábyrgð í máli þessu. Það breytir ekki ofanrituðu þó að aðvörunarmerki voru ekki til staðar í umrætt sinn.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 3. ágúst 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.